

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 06 – 2023

Staður: Keldnaholt

Tími: Miðvikudagur 14. júní 2023 kl. 13:00

Fundinn sátu:

Úr háskólaráði: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Daði Már Kristófersson, Jóhannes Sveinbjörnsson, , Haukur Þórðarson (Teams), Þórunn Jónsdóttir. Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson voru forfallaðir.

Undir 1. lið voru gestir fundarins Gunnar Þorgeirsson formaður og Vigdís Häsler framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, Þóroddur Sveinsson deildarforseti R&F og Helgi Eyleifur Þorvaldsson brautarstjóri búfræðibrautar.

1. Samvinna Lbhí og Bændasamtaka Íslands: Tilefni þessa samtals var bréf frá BÍ til Lbhí um að auka námsmöguleika í greinum þar sem skólinn hefur ekki sérhæfingu, þ.e. auka fjölbreytni. Hugmyndir voru nefndar um að fá aðstoð erlendis frá. Ragnheiður kynnti erindið og hvernig hefur gengið að fá búvísindafólk til starfa. Lbhí er með samstarfssamninga við meira en 40 erlenda háskóla. Þar á meðal samstarf við Wageningen, Unigreen samstarfið, samstarf við norræna háskóla osfrv. Ræddi einnig framboð námskeiða á vegum endurmenntunar. Gunnar fór yfir að áherslur í námsframboði hafa ekki verið í samræmi við neyslumynstur landans. Alifugla- og svínarækt er illa dekkuð en jörturdýrin mun betur. Sami halli er til staðar hjá RML. Helgi Eyleifur fór yfir ýmsar hugmyndir varðandi aukið námsframboð í búfræði og fundarmenn ræddu þetta, stundum á við að auka framboð en stundum að tengja við erlendar stofnanir, og þar getur Lbhí verið í lykilhlutverki við að tengja fólk. Það er einna augljósast að auka námsframboð í jarðrækt því hún er undirstaða allra greina. Rætt var um farvegi sem eru til og mætti virkja betur varðandi það að styrkja fólk til náms í greinum þar sem vöntun er á fólk. Vigdís nefndi 30% niðurfellingu námslána hjá Menntasjóði námsmanna sem er í boði fyrir fólk sem skilar sér inn í íslenskt atvinnulíf í greinum þar sem skortur er á viðkomandi fagfólki. Vandinn er að það vantar að skilgreina þörfina, ráðuneytin hafa t.d. ekki staðið sig í því, sveitarfélögin betur t.d. varðandi kennaranámið. Rætt um að BÍ og Lbhí hjálpist að með að skilgreina þessa þörf og gulrótin verði þessi 30% niðurfelling námslána. Fá þarf RML líka með og vinna í samvinnu við ráðuneytin. Einnig var rætt um kennslu í rekstrartengdum fögum og tengingu við það sem er gert hjá RML í þeim efnum, þarf að koma að líka í gegnum endurmenntun. Ragnheiður ræddi málefni jarðræktarmiðstöðvar, og mikilvægi þess að koma framkvæmdum af stað. Hvort BÍ sæi einhvern flöt á því að leggjast á árar með okkur í því. Tóku þau vel í það. Rætt var almennt um það vandamál að aðilar eru mjög tilbúnir í að veita fjármagni í lítil verkefni og hugmyndavinnu en erfiðara er með fjárfestingu í næsta fasa.

2. Fulltrúi nemenda í háskólaráði- nýr varamaður: Ingiberg Daði Kjartansson er nýr varamaður í háskólaráði fyrir hönd nemenda.

3. Reglur um doktorsnám – til samþykktar: Búið er að leggja drög að reglunum fyrir framhaldsnámsnefnd og miðstöð framhaldsnáms við HÍ. Engar athugasemdir nema smá orðalagsbreytingar frá RIH. Samþykkt með þessum minni háttar lagfæringum.

4. Reglur um doktorssjóð – til samþykktar: Reglur með smávægilegri uppfærslu voru samþykktar.

5. Stefna Lbhí – staða mála: Fundur var með starfsmönnum 9. júní. Þó nokkrar athugasemdir komu frá starfsmönnum, m.a. um auknar áherslur á umhverfis og loftslagsmál. Einnig var nokkur umræða

um áherslur varðandi fjarnám og staðarnám. Umræða var um mögulegar breytingar á skipuriti, fólk vill fara varlega í það. Daði ræddi það almenna vandamál sem of litlar greinar á skipulagstré háskóla er. Of mikið stjórnunarálag. Þetta rætt fram og til baka. Farið verður í áframhaldandi vinnu við stefnuna í haust. Breytingar á skipuriti verða ekki keyrðar í gegn nema af því sé skýr ávinningur með tilliti til þess að framfylgja stefnu.

6.Endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar vegna 2021 – til upplýsingar: Skýrslan hefur verið birt og farið verður yfir ábendingar sem þar birtust.

7.Mat á vinnu háskólaráðs undanfarið starfsár og endurskoðun starfsreglna: Lagt fram til kynningar en afgreiðslu frestað.

8. Mál til kynningar:

- Lbhí hefur tekið að sér formennsku í NOVA til þriggja ára.
- Brautskráning þann 2. júní heppnaðist vel venju samkvæmt og var mæting góð bæði í Hjálmaklett og í kaffi á Hvanneyri.
- Skráningar fyrir haustið líta vel út.
- Rektor sendir út doodle til að ákveða fyrsta fund haustsins um mánaðamótin ágúst / september

Fundi slitið kl 14.50